



Veðrið hefur leikið við landsmenn síðustu daga. Fjölmargir nýttu sólina með því að busla í Varmánni í Hveragerði. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.

Ingveldur ráðin framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Ingveldur Sæmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Hún tekur við starfinu af Ingunni Jónsdóttur og mun leiða áframhaldandi uppbyggingu og þróun félagsins.

Háskólafélag Suðurlands er leiðandi á Suðurlandi í að miðla háskólanámi í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla. Félagið þróar einnig endurmenntun fyrir atvinnulíf á svæðinu og styrkir arðbærar og fjölbreyttar rannsóknir. Enn fremur er Háskólafélagið

öflugur vettvangur rannsóknarstofnana og fyrirtækja ásamt því að tengja saman þekkingu í gegnum gróskumikil verkefni.

Ingveldur er með víðtæka reynslu úr opinberri stjórn-sýslu, stefnumótun og verkefna-stjórnun. Hún starfaði frá 2013-2025 sem aðstoðarmaður ráðherra, annars vegar Sigurðar Inga Jóhannssonar og hins vegar Sigrúnar Magnúsdóttur, fyrst í umhverfis- og auðlindar-áðuneytinu, síðan í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, þá innviðaráðuneytinu og nú síðast í fjármála- og efnahags-

ráðuneytinu. Ingveldur er með MBA-gráðu frá HÍ og hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að uppbyggingu innviða, stefnu og framtíðarsýn.

„Það er mér sönn ánægja að vinna með framsýnu og metnaðarfullu fólki að því að efla menntun, hæfni og rannsóknir í þágu samfélagsins á Suðurlandi,“ segir Ingveldur. „Ég trúi á að öflugt þekkingarsamfélag sé grunnur að sterku samfélagi og hlakka til að leggja mitt af mörkum.“



Fáðu fagmann í verkið

 Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2024



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is

Viltu vinna með okkur í snjómokstri á Hellsheiði næsta vetur?

Leitum að meiraprófsbílstjórum sem búa á Selfossi eða nágrenni.

Hafðu samband við Óskatak ehf netfang oskatak@oskatak.is eða s: 662-8020.



Ræktunarsamband Flóa og Skeiða leitar að öflugum einstaklingum í tvær stöður á verkstæði fyrirtækisins að Víkurheiði 6 á Selfossi.

Störfin eru framtíðarstörf í skemmtilegu og framsæknu starfsumhverfi á sviði jarðborana. Ræktunarsambandið er með nýu jarðbora í rekstri sem geta tekist á við fjölbreytileg verkefni við borframkvæmdir.

Lagerstjóri

Í starfinu felst meðal annars innkaup á vörum og tækjabúnaði ásamt móttöku og skráningu í birgðakerfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með lager félagsins
- Skráning í birgðakerfi
- Innkaup í samráði við verkefnastjóra/framkvæmdastjóra
- Afgreiðsla og móttaka á vörum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af lagerstörfum er kostur
- Áhugi og þekking á vélum og tækjum nauðsynleg
- Sjálfstæði, metnaður og vandvirkni
- Almenn ökuréttindi eru skilyrði
- Vinnuvélaréttindi og aukin ökuréttindi æskileg
- Góð almenn íslenskukunnátta

Bifvéla- eða vélvirkja

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi viðgerðavinnu á borsvæðum og verkstæði. Viðkomandi mun sinna viðhaldi á öllum framleiðslutengdum búnaði fyrirtækisins, þ.m.t. borum, borbúnaði, dælum, ökutækjum og vögnum.

Unnið er á dagvinnutíma og bakvaktir aðra hverja viku.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bifvélavirki/Vélvirki/Sambærileg menntun eða starfsreynsla
- Áhugi og þekking á vélum og tækjum nauðsynleg
- Sjálfstæði, metnaður og vandvirkni
- Almenn ökuréttindi
- Vinnuvélaréttindi
- Aukin ökuréttindi æskileg
- Góð almenn íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Á. Böðvarsson guðmundurb@raekto.is



Mikil stemning fyrir kökukeppni Kaffi Krús og Konungskaffi

Kaffi Krús og Konungskaffi khalda sína árlegu kökukeppni sunnudaginn 25. maí nk. Keppt verður bæði í osta- og skyrkókugærð ásamt brauðtertugerð.

„Það eru 11 ár síðan við byrjuðum á þessu á Kaffi Krús og á 10 ára afmælinu kom Konungskaffi inn í þetta og við stækkuðum keppnina og bættum við brauðtertum af því að Konungskaffi er þekkt fyrir brauðtertunarsínar,“ segir Tómas Þóróddsson, eigandi Kaffi Krús, í samtali við Dagskrána.

Hver sem er getur tekið þátt í keppninni, hvort sem það er osta- og skyrkókukeppnin, brauðtertukeppnin eða bæði. „Þú getur keppt bara í ost og skyr eða bara í brauðertu en svo voru alveg margir í fyrra sem tóku þátt í báðum,“ segir Silja Hrund Einarsdóttir, eigandi Konungskaffi, og segir að metþátttaka hafi verið í fyrra.

„Það er ein sem hefur unnið ostakökukeppnina þrisvar, hún Hildur Lúðvíksdóttir. Það er gaman að segja frá því að sonur hennar er að vinna á Kaffi krús núna,“ bætir Tómas við.

Silja segir að fólk hafi byrjað snemma í ár að spyrjast fyrir um keppnina og sé mikil stemning fyrir henni, en hún stækkar með hverju árinu. Í fyrra voru um 20

kökur í keppninni en þegar hún byrjaði fyrir 11 árum voru þær aðeins þrjár.

Öllum kökum verður stillt upp á langborði á Konungskaffi og er það í höndum dómara að dæma bestu kökurnar. Keppendur mæta með sínar kökur milli 11 – 11:45 á sunnudaginn og dómara byrja að dæma klukkan 12. Þeir sjá ekki hver á hvaða köku til þess að tryggja algjört hlutleysi. Horft er til þess að allt spili saman í kökunum; áferð, útlit og bragð. Í dómnefnd eru sjö manns, bæði fag- og áhugafólk. „Það er alveg fáránlega erfitt að smakka þetta allt. Maður verður alveg búinn á því eftir 20 kökur,“ segir Tómas.

Dómarar eru eftirfarandi:

Ragnar Freyr Ingvarsson

– Læknirinn í eldhúsinu

Anna Árnadóttir

– Stofnandi Kaffi Krús

Torfi Ragnar Sigurðsson

– Hæstaréttarlögmaður og fulltrúi sýslumanns

Valdimar Bragason

– Fjölmíðlamaður

Kristinn Geir Pálsson

– Gullmerkishafi KKÍ

Árdís Birgisdóttir

– Konditornemi

Guðmundur Karl Sigurdórsson

– Fjölmíðlamaður

Ída Sofia Grundberg

– Kökusérfræðingur



Vegleg verðlaun verða veitt fyrir bestu og frumlegustu kökurnar ásamt því að kökurnar sem vinna verða seldar á Konungskaffi í allt sumar. Að auki fá allir þátttakendur sitthvort 10 þúsund króna gjafabréfið á Konungskaffi og Kaffi Krús.

Silja og Tómas hvetja fólk til þess að koma og fylgjast með keppninni. „Það var mjög mikil stemning í fyrra, fólk var að skoða allar kökurnar og fá hugmyndir.“

Skráning í keppnina og frekari upplýsingar má finna á kökukeppni.is.

EHI



Guðrún Eva með upplestur í Listasafni Árnesinga

Listasafn Árnesinga heldur viðburð 22. maí klukkan 19:30 þar sem rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir verður með upplestur.

Guðrún Eva er fædd í Reykjavík árið 1976 en alin upp víðs vegar um landið, meðal annars í Mosfellssveit, á Kirkjubæjarklaustri og í Garði í Gerðahreppi. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1996 en útskrifaðist árið 2007 frá Háskóla Íslands með BA í heimspeki. Guðrún Eva hefur fjórum sinnum verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og fékk þau árið 2011 fyrir skáldsöguna Allt með kossi vekur. Hún hefur þrisvar verið tilnefnd til Menningarverðlauna DV og fengið þau tvisvar; árið 2005 fyrir Yosoy og árið 2014 fyrir Englaryk. Einnig hlaut hún

Fjöruverðlaunin í byrjun árs 2019 fyrir smásagnasafnið Ástin Texas. Árið 2021 var hún tilnefnd til Norrænu bókmenntaverðlaunanna fyrir skáldsöguna Aðferðir til að lifa af. Hún hefur einnig hlotið viðurkenn-

ingu RÚV fyrir ritstörf og Bókmenntaverðlaun bóksala fyrir skáldsöguna Í skugga trjána. Meðfram sagnaritun er Guðrún Eva í hlutastarfi sem ritlistarkennari við Listaháskóla Íslands.



Leggur til nýja heimavist í Fjölbrautaskóla Suðurlands

Ingveldur Anna Sigurðardóttir Ívararþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandshöfðum settist á þing á dögunum í fjarveru Guðrúnar Hafsteinsdóttur. Hún lagði þar inn nokkrar fyrirspurnir og tillögur. Meðal þeirra var tillaga til þingsályktunar um heimavist fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Núverandi vist mjög óhentug

Eins og staðan er núna er vistin þannig að verið er að leigja húsnæði með 18 herbergjum sem er rekið sem farfuglaheimili og er sú starfsemi á neðri hæð húsnæðisins. Um tíma dvöldu einnig farandverkamenn þar. „Um er að ræða mjög óhentugt húsnæði fyrir ungmenni og þau geta t.d. ekki dvalið þar um helgar og verða því að treysta á almenningsamgöngur eða bíl til þess að komast heim til foreldra sinna,“ segir Ingveldur Anna í samtali við Dagskrána.

Ingveldur segir að góð heimavist sé mjög mikilvæg svo að ungmenni séu ekki að festast á leigumarkaði og þurfi að treysta á hann af því að þau búi langt frá framhaldsskólanum sínum. „Skólinn er í eigu ríkisins og sveitarfélaga á Suðurlandi og því er mikilvægt að hann sé gerður aðgengilegur fyrir nemendur sem þurfa að sækja hann mörg hundruð kílómetra frá heimili sínu.“

„Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla ásamt Ríkissjóði eiga skólann sameiginlega og því er þjónustusvæðið gríðarlega stórt og mörg ungmenni sem þurfa að flytja til þess að sækja sér framhaldsnám.

Ég er ekki með nákvæma tölu af ungmennum sem gætu þurft að nýta sér álíka úrræði en veit til þess að þetta hefur skort bara í kringum mig og úr minni sýslu þar sem ég er búsett, sem er Rangárvallasýsla.“

Vægast sagt gaman á heimavist

Ingveldur segir Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa verið með hentuga heimavist á sínum tíma á Eyravegi 26. Þá var hún í íbúðaeiningum og stutt frá skólanum. Reynslan af henni var mjög góð að sögn Ingveldur. Hún hefur sjálf reynslu af heimavist skólans.

„Ég var á heimavist fyrsta árið mitt í framhaldsskóla og var síðan mjög mikið hjá vinum mínum sem bjuggu á vistinni og það var vægast sagt gaman. Ég þurfti að flytja á Selfoss til þess að sækja mér menntun og flutti að heiman 16 ára gömul. Ef það hefði ekki verið vist, þá hefðum við þurft að endurskoða valið á skóla. En mig langaði að vera með vinum mínum í Fjölbrautarskóla Suðurlands, þannig guði sé lof að það var vist.“

Skólinn betri valkostur með góðri heimavist

Ingveldur segir að góð heimavist geti haft mjög góð áhrif á FSu. „Ungmenni sem flytja langt að eiga meiri möguleika til þess að sækja sér menntun og skólinn verður betri valkostur. Þetta er frábær skóli sem er að þjónusta stórt svæði og því er mikilvægt að ungmenni á Suðurlandi standi jöfn og geti sótt sér menntun.“

Það er laust rými á lóð FSu



sem Ingveldur telur langskynsamlegustu staðsetninguna fyrir heimavistina. „Sveitarfélagið er eflaust mjög opið fyrir samtali um staðsetningu hennar en það væri auðvitað langhentugast að hafa hana sem næst skólanum.“

„Ef heimavistin yrði framkvæmd með svokölluðu PPP-fyrirkomulagi, s.s. með samstarfi ríkisins og einkaaðila, þá tel ég bæði að framkvæmdin og fjármögnunin myndi taka styttri tíma. Það eru til fyrirmyndir af því að heimavistir séu reknar sem hótél á sumrin og má þar nefna heimavistina við Menntaskólann á Egilsstöðum og Gamla garð við Háskóla Íslands. Það er a.m.k. ekki spurning að það sé rekstrargrundvöllur fyrir rekstri á gistingu á sumrin fyrir ferðamenn í húsnæðinu,“ segir Ingveldur um það hvernig eigi að fjármagna nýja heimavist.

Vel tekið í tillöguna

Ingveldur segir að mjög vel hafi verið tekið í þingsályktunartillöguna.

„Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á Suðurlandi stöndum að henni og það er mikill samhugur um þetta mál myndi ég telja. Vonandi tekur barna- og menntamálaráðherra jafn vel í þessa hugmynd og hrindir þessu í framkvæmd. Þingheimur veit allavega af þessu máli og ég er mjög spennt að fá að mæla fyrir henni þegar ég sest aftur inn á þing.“

EHJ



Eva María með silfur á ACC Championship

Selfyssingurinn Eva María Baldursdóttir tók þátt í ACC Championship í frjálsíþróttum þann 17. maí síðastliðinn. Mótið er árleg keppni á vegum Atlantic Coast Conference (ACC), sem tilheyrir bandarískri háskólaíþróttadeild. Þar kepptu fulltrúar 18 háskóla innan ACC-deildarinnar.

Eva María stóð sig afar vel og stókk 1,80 metra í hástökki í fyrstu tilraun sinni, sem tryggði henni silfurverðlaun. Hún reyndi einnig við 1,83 metra og átti þar

góðar tilraunir, en besti árangur hennar utanhúss er 1,81 metrar. Eva keppir fyrir háskólann í Pittsburgh, en sigurvegarinn í

greininni, sem stókk yfir 1,86 metra, keppir fyrir háskólann í Virginia.



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Þóroddsstaðir 2 - Lóð G - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Þóroddsstaði 2 - lóð G. Á lóðinni verður heimilt að reisa íbúðarhús og bílskúr auk gestahúss.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2025.

Bær í Ölfusi - færsla byggingarreits - Deiliskipulag-breyting

Lögd er fram breyting á skipulagi landsins Bær í Ölfusi. Byggingarreitur er stækkaður lítillega en auk þess eru skilmálar uppfærðir til hlíðsjónar við aðalskipulag frá 2022.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2025.

Þorlákshafnarlína 2 - Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögd er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar fyrir fyrirhugaðan jarðstreng til Þorlákshafnar sem ber nafnið Þorlákshafnarlína 2. Um er að ræða 132 kv jarðstreng sem kemur til með að liggja meðfram Þorlákshafnarvegi milli Hvera-gerðis og Þorlákshafnar.

Skipulagslýsing var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2025.

Hafnarsvæði H3 - stækkun skipulagssvæðis - Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögd er fram lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir hafnarsvæði H3. Breytingin sem um ræðir felur í sér stækkun hafnarsvæðisins og aukningu lóða umhverfis Suðurvararbryggju.

Skipulagslýsing var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2025.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **3. júlí 2025**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Kerhólsskóli með tvær hugmyndir í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fór fram nýlega og komst Kerhólsskóli í Grímsnes- og Grafningshrepp áfram með tvær hugmyndir. Einungis 26 hugmyndir voru valdar af 600 tillögum víðs vegar af landinu.

„Nemendur miðstigs hafa lagt stund á nýsköpunarmennt í vetur og sendu nokkrar flottar hugmyndir inn í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Alls

bárust keppninni 600 umsóknir víðs vegar af landinu og úr þeim voru valdar 26 hugmyndir sem komast í lokakeppnina núna í maí. Við í Kerhólsskóla eigum tvær hugmyndir þar á meðal og erum ótrúlega stolt af flotta uppfinningafólkinu okkar!“ segir Rebekka Lind Guðmundsdóttir, kennari í Kerhólsskóla.

Harpa Jakobsdóttir og Helgi Valur Jónsson munu keppa með ferðabúr fyrir hunda sem þau

kalla „Incredabúr“ og eykur öryggi hunda í bílum til muna.

Tinna Sif Þorkelsdóttir og Þórhildur Salka Jónsdóttir keppa svo með kaþbátinn Trolla sem er hannaður til að tína upp fjölbreytt rusl af hafsbotni.

Laugardaginn 24. maí klukkan 14:00 verður verðlaunaafhending og sýning á hugmyndum nemenda á Háskólatorgi í Háskóla Íslands.



Sunnlenskir kórar til Ítalíu

Söngsveit Hveragerðis og Söngfélag Þorlákshafnar leiða saman hesta sína nú á vordögum þar sem kórarinnir stefna á sameiginlega ferð til Ítalíu í sumar. Þar munu kórarinnir taka þátt í alþjóðlegu kóramóti sem haldið verður í nokkrum kirkjum í nágrenni við Veróna en alls verður sungið á fænum tónleikum auk annarra viðburða í tengslum við mótið. Einnig verður sungið í messu í Feneyjum og ekki er ólíklegt að brostið verði í söng við fleiri aðstæður.

Á dagskrá kóranna verða íslensk og erlend verk, mörg á þjóðlegum en önnur á kirkjulegum nótum og verða verkin sungin án undirleiks. Í farteskinu er einnig léttara efni eins og hægt er að grípa til þar sem aðstæður leyfa. Kóramótið stendur í fjóra

daga en ferðin alls í viku, svo kórfélagar og föruneyti þeirra fá einnig að njóta ítalskrar náttúru- fegurðar, menningar, matar og gestrisni í Verona, við Gardavatnið og í Feneyjum.

Í aðdraganda ferðarinnar ætla kórarinnir að halda sameiginlega vortónleika þar sem efnisskráin verður flutt, bæði það sem sungið verður á kóramótinu en einnig léttara efni eins og bítlalög og íslenskar ballöður! Á vortónleikunum syngja kórarinnir flest lögina saman en auk þess nokkur lög hvor í sínu lagi. Tónleikarnir verða haldnir í Hveragerðis- kirkju þriðjudaginn 27. maí og í Þorlákshöfn degi síðar, miðvikudaginn 28. maí og hefjast þeir kl. 20 bæði kvöldin. Aðgangseyrir er kr. 3000 og eru miðar seldir við innganginn.

Stjórnandi Söngsveitar Hveragerðis er Margrét Stefánsdóttir en Örlygur Benediktsson stjórnar Söngfélagi Þorlákshafnar. Þessir kórar hafa báðir starfað í áratugi og hafa oft átt í samstarfi í gegnum tíðina þó að þetta verkefni sé það stærsta sem farið hefur verið í sameiginlega. Er það von okkar að Sunnlendingar sjái sér fært að koma á vortónleikana en þeir eru mikilvægur undirbúningur fyrir kóramótið á Ítalíu.

Sigrún Símonardóttir, formaður Söngsveitar Hveragerðis.
Sigprúður Harðardóttir, formaður Söngfélags Þorlákshafnar.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraavegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vext' og heilsu víst er mesta böll, vetri tengd er hernámsliðsins dvöl. Bókstafur sem brúka fáir nú, í buxum þínum alltaf höfð er sú.

Svar við gátu í blaði 2802: **SAUÐUR**

2. lína: (S)auður
3. lína: Hrútur sem hefur verið geltur kallast sauður

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Piparrjómapasta

Alexander Þórsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á að þakka Ara Má Gunnarssyni kærlega fyrir áskorunina og að hafa þessa óbilandi trú á mér í eldhúsinu. Því miður þá stend ég ekki undir því og hef ekki verið þekktur fyrir glæsilega takta þar. Pylsur, ommiletta og rjómapasta eru þeir þrír „réttir“ sem ég get bjargað mér á í matreiðslunni.

Ég hef heldur engar hetjusögur af mér í pylsuáti eins og félagi minn Ari. Mæli með að hann fari að einbeita sér að golfinu svo hann nái kannski einn daginn að vinna mig á golfvællinum.

Hér kemur uppskriftin að piparrjómapasta.

Allt hráefni er beint úr Bónus.
400 gr pasta
400 ml matreiðslurjómi
3/4 rifinn piparostur
250 gr hot and spicy eldaður lundir frá Matfugli
1 stk. rauð paprika
Nokkrir sveppir
1/2 teningur grænmetisskraftur

Aðferð

Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á pakkningu. Á meðan skal steikja smátt skorna papriku og sveppi á pönnu. Hellið matreiðslurjómanum yfir og bætið við piparosti og grænmetis- krafti. Þessu er leyft að malla þangað til osturinn bráðnar. Skerið lundirnar í litla bita og skutlið þeim svo á pönnuna. Að endingu fer pastað út í og öllu leyft að malla í nokkrar mínútur.

Pastað er svo enn þá betra daginn eftir og ég mæli klárlega með að stækka uppskriftina til að eiga afgang. Þá er öllu hent aftur á pönnuna, restinni af matreiðslurjómanum og ostinum bætt við og allt klárt á fimm mínútum.

Ég skora á sósukónginn Hafþór Ara Sævarsson sem er þekktur fyrir frábæra takta í eldhúsinu og nostrar gríðarlega mikið við matinn. Hann mun klárlega ekki svíkja okkur og mun væntanlega deila með okkur gómsætri uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

HSU tryggt fé til kaupa á nýju tölvusneiðmyndataeki

Alma D. Möller heilbrigðisráðherra hefur tryggt Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) yfir 140 milljóna króna fjárveitingu til kaupa á nýju tölvusneiðmyndataeki. Að sögn Dönu Óskarsdóttur, forstjóra HSU, mun nýja tækið gjörbreyta þjónustu við sjúklinga, sérstaklega þegar kemur að greiningu og meðhöndlun bráðatilfella.

Fjárveitingin gerir stofnuninni kleift að taka þátt í útboði sem nú er í gangi, og er vonast til að hægt verði að ganga frá kaup-

um og setja tækið upp á næstu mánuðum. Um er að ræða tíma- bæra og mikilvæga endurnýjun á eldri búnaði. Þróun í þessum tækjabúnaði hefur verið ör á undanförunum árum. Ný tölvusneiðmyndataeki leiða m.a. af sér minna geislaálag á sjúklinga og þá hefur rannsóknarhraðinn og þar með getan aukist til mikilla muna. „Þetta er kærkomin uppfærsla á mikilvægum tækjabúnaði sem skiptir miklu máli fyrir öryggi sjúklinga, greiningu og meðferð“ segir Dána.



Alma D. Möller heilbrigðisráðherra og Dána Óskarsdóttir forstjóri HSU.



Guðríður sæmd heiðurskrossi ÍSÍ og Jón gerður að heiðursfélaga

Við þingsetningu á 77. íþróttahringi ÍSÍ 16. maí sl. voru veittar heiðursviðurkennningar til forystufólks úr íþróttahreyfingunni. Guðríður Aadnegard, formaður HSK, var sæmd heiðurskrossi ÍSÍ og Jón M. Ívarsson var gerður að heiðursfélaga.

Guðríður hefur gegnt formannsembætti HSK frá árinu 2010. Hún var kjörin í varastjórn HSK árið 2000 og varð ritari sambandsins ári síðar. Hún

er því búin að vera í leiðtoga-starfi hjá HSK í 25 ár. Guðríður var áður formaður Íþróttafélagsins Hamars um árabíl.

Guðríður hlaut hvatningarverðlaun dags gegn einelti árið 2021, í starfi sem námsráðgjafi og umsjónarkennari við Grunn-skólann í Hveragerði.

Jón á að baki fjölbreytt hlutverk innan íþróttahreyfingarinnar, meðal annars sem iðkandi, stjórnarmaður, dómari og leiðtogi. Hann var meðal annars

formaður Glímusambands Íslands á árunum 1995 – 2001 og gegndi embætti ritara hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands. Hann hefur verið ómetanlegur við heimilda- og söguskráningu í íþróttahreyfingunni, skráð sögu fjölmargra eininga og góðfúslega gefið svör og leitað svara við ýmsum spurningum sem upp koma í starfinu og grafast þarf fyrir um í eldri heimildum. Jón var sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ árið 2019.




Kerhólsskóli sigraði Stóru upplestrarkeppnina í Árnesþingi

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar hjá skólum í Árnesþingi (Kerhólsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni, Reykholtsskóla, Flúðaskóla, Þjórsárskóla og Flóaskóla) fór

fram í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudaginn 14.maí. Þar voru fulltrúar úr 7. bekkjum skólanna að keppa í upplestri og hlaut Kerhólsskóli 1. og 2. sæti í keppninni.

Í fyrsta sæti var Harpa Jakobsdóttir úr Kerhólsskóla. Annað sætið fór til Andra Fannars Smárasonar úr Kerhólsskóla og í þriðja sæti var Stígur úr Flúðaskóla.



LANDSKIPTI

Löggildar
merkjalýsingar
og hágæða GPS mælingar.

Skil gagna
til HMS skv.
löggjöf og stöðlum.

**Persónuleg
þjónusta,
áralöng
reynsla.**

geoform.is

þjónustum alla landshluta
/landskipti



www.geoform.is
geoform@geoform.is & í síma 617 6624

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Langanes – breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreytingin tekur til 40 lóða við Langanesbyggð, F1. Heimilt verður að reisa alltað 4 hús, eitt frístundarhús, gestahús, geymslu og gróðurhús. Mænisstefna og húsgerðir eru frjálsar en hámarkshæð byggingar er 5 m. Hámarksbyggingarmagn er allt að 300 m² á hverri lóð. Með deiliskipulagsbreytingunni falla gildandi deiliskipulög úr gildi.

Kirkjulækjarkot, Bakki – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 2 ha lóðar í landi Kirkjulækjarkots, Bakki 1. Heimilt verður að byggja fimm byggingar á lóðinni, s.s. íbúðarhús, gestahús, skemmu, gróðurhús eða gripahús, hámarksbyggingarmagn er allt að 1000 m² og hámarkshæð húsa er 6,5 m miðað við gólfkóta.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 19. maí 2025. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 30.júní 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
**Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra**

Nóg af útivistarperlum til að skoða á Suðurlandi í sumar

Suðurland er stútfullt af náttúrusvæðum þar sem hægt er að fá sér göngu, anda að sér hreinu lofti og njóta þess að komast í tengingu við umhverfið. Markaðsstofa Suðurlands hefur tekið saman einstaklega fallega útivistarstaði sem vert er að skoða í sumar.

Þingvellir – Þar sem hjarta þjóðarinnar slær

Það er einstakt að heimsækja Þingvelli við Öxará, virða fyrir sér stórbrotið landslagið og glöggva sig á sögunni. Þar var Alþingi stofnað árið 930, eitt elsta starfandi þjóðþing heims, sem kom saman á Þingvöllum allt til ársins 1798. Meginviðburðir Íslandssögunnar hafa gerst þar og því skipa Þingvellir sérstakan sess í hugum Íslendinga.

Þjóðgarðurinn er staðsettur á hinum vinsæla Gullna hring og liggur á mörkum Evrasíu- og Norður-Ameríku flekanna. Þar má sjá djúpar sprungur og gjár sem myndast hafa við jarðskorpuhreyfingar. Þingvallavatn, stærsta náttúrulega stöðuvatn Íslands, er ótrúlega fallett og stútfullt af dýralífi. Fyrir ævintýragjarna er vinsælt að snorkla eða kafa í Silfru, gjá með tæru jökulvatni sem hefur tekið áratugi að síast neðanjarðar í gegnum hraunið. Í þjóðgarðinum má einnig finna yfir 170 plöntutegundir.



Úlfjótuvatn – Heimili úti- vistar og skátastarfs

Úlfjótuvatn er eitt af skemmtilegustu útivistarsvæðum landshlutans. Þar er fjölskyldutjaldsvæði sem er rekið af Bandalagi íslenskra skáta og staðurinn hefur verið hornsteinn í skátastarfi síðan 1941.

Á Úlfjótavatni er hægt að skemmta sér við ýmsa iðju svo sem klifra í klifurturni, sigla á kajak, skjóta af boga og ganga um fjölmargar gönguleiðir svæðisins. Aðstaðan er til fyrirmyndar með góðum tjaldsvæðum, þjónustumiðstöð, leikvelli og aðgengi fyrir hjólastóla. Úlfjótuvatn er einnig vinsælt meðal veiðimanna, þar sem í vatninu veiðist urriði og bleikja. Veiðitíminn er frá 1. maí til 30. september.



Reykjadalur – Heitur lækur og ganga á háhitasvæði

Reykjadalur er án efa eitt vinsælasta útivistarsvæðið í Ölfusi. Þar er að finna margar merktar gönguleiðir um stórbrotið háhitasvæðið og hægt er að baða sig í heitum læk í dalnum. Svæðið er staðsett rétt fyrir ofan Hveragerði og tilheyrir virka eldstöðvakerfinu við Hengil.

Gangan að heita læknum er um 3 kílómetrar hvor leið og tekur venjulega 45–60 mínútur. Á leiðinni má sjá kraumandi leirhveri, gufustróka og víðáttumikla

fjallasýn. Þegar komið er nær dalnum má sjá gufuna rísa, merki um hlýja ána sem liðast um landslagið. Hitastig vatnsins er mismunandi eftir staðsetningu og hver og einn getur fundið sinn uppáhaldsstað til að slaka á. Engir búningaklefar eru á svæðinu og því er mælt með því að klæðast sundfötum undir göngufötunum.



Þrastaskógur – Friðsæll skógur við bakka sögsins

Þrastaskógur er gróskumikill og friðsæll skógur staðsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skógurinn var upphaflega ræktaður snemma á 20. öld, að frumkvæði Ungmennafélags Íslands, og hefur með tíð og tíma þróast í gróskumikinn birkiskóg.

Gestir geta gengið eftir göngustígum sem liðast í gegnum kyrrlált svæðið. Þrastaskógur er kjörinn til léttra gönguferða, fuglaskoðunar og náttúrljósmyndunar. Nálægðin við Sogið eykur enn frekar á fegurð staðarins og gott er að staldra við og njóta útsýnis við árbakkann.



Snæfoksstaðir – Náttúru- fegurð og jólaandi

Snæfoksstaðir eru sannkölluð náttúruperla í Grímsnesi. Þar er hægt að ganga um stóran og fallegan skóg Skógræktarfélags Árnesinga. Svæðið er steinsnar frá Selfossi og þar er auðvelt að láta áhyggjur lönd og leið, anda að sér fersku lofti og njóta kyrrðarinnar.

Um skóginn liggja merktar gönguleiðir sem liðast í gegnum birki og barr. Þar er tilvalið að taka léttrar göngur og skoða fuglalífið. Leiðirnar eru auðveldar yfirferðar og henta fólki á öllum aldri.



Sólheimar – Vistvænir lífs- hættir í gróðursæld

Sólheimar eru einstakt sjálfbært samfélag í Grímsnesi, stofnað árið 1930 af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur. Í Sólheimum búa og starfa einstaklingar með og án fötlunar í anda jafnréttis, virðingar og náttúruverndar.

Fjölbreytt starfsemi fer fram á Sólheimum svo sem rekstur skógræktar- og garðyrkjustöðva sem stunda lífræna ræktun. Einnig eru á staðnum bakarí, matvinnsla, verslun, listhús, kaffihús og gistiheimili. Fjöldi listvinnustofa er á Sólheimum sem leggja meðal annars stund á kertagerð, listasmíðu og keramik. Svæðið er gróskumikið og þar eru fallegir göngustígar innan um gróðurinn sem er yndislegt að ganga.



Fuglafríðlandið í Flóa – Heim- ili fugla við Ölfusárós

Fuglafríðlandið í Flóa er sannkölluð náttúruperla við Eyrarbakka, þar sem fjölbreytt fuglalíf og votlendisgróður skapa einstakar aðstæður fyrir náttúru-unnendur og útivistarfólk.

Fríðlandið er staðsett við austurbakka Ölfusár og nær yfir um 5 ferkílómetra svæði sem einkennist af flæðiengjum, tjörnum og mýrum.

Lómurinn er einkennisfugl friðlandsins, en auk hans verpa þar álfir, grágæsir, endur og fjölmargir vaðfuglar á borð við lóupræl, jaðrakan og óðinshana. Á fartíma má einnig sjá fjölbreyttar tegundir, þar á meðal grágæsir, blesgæsir og ýmsar andategundir.

Aðstaða til fuglaskoðunar er til fyrirmyndar, með fuglaskoðunarhúsi við Stakkholt sem veitir skjól og gott útsýni yfir svæðið. Aðgengi að friðlandinu er gott, með bílastæði og merktum gönguleiðum sem henta bæði fjölskyldum og einstaklingum.



Hallskot – Friðsæld og fuglalíf

Hallskot er friðsælt og fjölskylduvænt útivistarsvæði rétt norðan við Eyrarbakka.

Í Hallskoti er að finna bekkja- og borðaðstöðu og svæðið er tilvalið fyrir fjölskyldur og hópa til að eiga góðar stundir saman. Á svæðinu er einnig lítið hús, oft kallað bragginn, þar sem haldnir hafa verið fjölbreyttir viðburðir.

Hallskot býður upp á fjölbreytta úti-

vistarmöguleika og er kjörinn staður til að tengjast náttúrunni og slaka á í rólegu umhverfi.



Fjaran á Stokkseyri og Eyrar- bakka – Fjársjóður hafsins

Fjaran á Stokkseyri og Eyrarbakka er sannkölluð náttúruparadís, þar sem svartur sandur, fjölbreytt dýralíf og gersemar hafsins gleða skilningarvitin. Strandlengjan býður upp á frábæra möguleika til gönguferða, fuglaskoðunar og gæðastunda.

Svæðið einkennist af víðáttumiklum svörtum sandströndum, hraungrýti og gróskumiklum grasbölum. Við fjöru má sjá fjölbreytt lífríki, þang, skeljar og ýmsar lífverur sem lifa í fjörunni. Fuglalíf er fjölbreytt, álfir verpa á litlum eyjum og grágæsir og vaðfuglar sjást þar oft. Einnig má sjá seli hvíla sig á steinum eða synda nálægt ströndinni.



Helliskógur – Friðsæll skógur og náttúruhellir

Helliskógur er friðsælt og gróskumikið útivistarsvæði vestan við Selfoss. Um skóginn liggja rúmlega átta kílómetrar af merktum gönguleiðum sem liðast í gegnum fjölbreyttan trjágróður, svo sem birki og víði. Á leiðinni má finna borð og bekki sem henta vel til lautarferða og aðstaða hefur verið bætt til að nýta einnig yfir vetrartímamann, meðal annars með troðnum göngubrautum sem breytast í gönguskiðabrautir þegar snjór liggur yfir og aðstæður leyfa.

Eitt af áhugaverðustu kennileitum Helliskógar er Stóri-Hellir, náttúrulegur hellir sem myndaðist við lok síðasta jökulskeiðs. Hellirinn hefur verið útbúinn sem áningarstaður með bekkjum og eldstæði og dregur að bæði börn og fullorðna. Sögusagnir herma að draugur með bláan trefil haldi til í hellinum, sem bætir dulúð við staðinn og vekur forvitni ungra gesta.



Lækjargarðurinn – Útivist og leik- gleði fyrir alla fjölskylduna

Lækjargarðurinn á Flúðum er fjölskylduvænt útivistarsvæði sem sameinar náttúru og leiktæki í hjarta Hrunamanna- hrepps. Garðurinn er umvafinn gróðri og býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir gesti á öllum aldri.

Á svæðinu er að finna ærslabælg, aparólu, strandbolta- og frísbíggjufvöll sem öllum er frjálst að nota. Svæðið er stórt og afar skjólgott og þar er upplagt að fara í lautarferð og flatmaga á rúmgóðum grasflötum. Stutt er í verslun og veitingastað frá garðinum og einnig er grillaðstaða á svæðinu. Fyrir þau sem vilja rólegri útivist er hægt að ganga meðfram læk og leita að uglum úr endurvinnsluhræfni sem fela sig í trjágróðrinum. Gangan er einstaklega falleg og leitin að uglunum gerir hana enn skemmtilegri.



Tumastaðaskógur – Jarðtenging á líkama og sál
Við Tumastaði í Fljótshlíð má finna myndarlegt skóglendi sem heimamenn hafa byggt upp. Þar eru fallegir göngustígar ásamt borðum og bekkjum þar sem gestir geta gengið um og tyllt sér, notið kyrrðarinnar og hlustað á fuglasönginn. Svæðið er gróíð, skjólgott og afar fallegt. Gönguleiðir eru mislangar og henta fólki á öllum aldri. Kort af leiðunum má finna á þremur stöðum við skógarjaðarinn, sem auðveldar hverjum og einum að velja sína leið.



Skagaás – Unaðsreitur í náttúrunni
Skógræktin í Skagaá er gróskumikill trjálundur Skógræktarfélags Villingarholts-hrepps. Þar eru kjöraðstaður til gönguferða, lautarferða og rólegrar útivistar. Svæðið er skjólgóður unaðsreitur. Þar liggja gönguleiðir um skógin og á opnari svæði, með borðum og bekkjum þar sem hægt er að staldra við og njóta náttúrunnar.

Gestir eru vinsamlegast beðnir um að virða merktar gönguleiðir og ganga vel um svæðið. Vegna eldhættu er einungis leyfilegt að grilla á sérstaklega merktum grillstöðum.



Haukadalsskógur – Gróður-sæld og aðgengi fyrir alla
Haukadalsskógur er eitt elsta og fegursta skógræktarsvæði landsins, staðsett í Haukadal í Biskupstungum. Skógurinn er einn stærsti þjóðskógur landsins og sá skógur sem mest hefur verið gróðursett í af þjóðskögum Íslands. Fjölmargar merktar gönguleiðir liggja um Haukadalsskóg sem henta fólki á öllum aldri. Þar eru birkiskógar og barrtré auk opinna svæða með fallegu útsýni yfir dalinn. Á svæðinu má finna borð og bekki og víða eru upplýsingaskilti sem segja frá sögu skógræktarinnar og náttúru svæðisins. Árið 2004 var opnaður stígur fyrir hjólastóla í skóginum. Þetta var gert í samstarfi við Sjálfsbjörg og er liður í því að gera útivistarsvæðið aðgengilegt fyrir alla.



Þjórsárdalsskógur – Fagurt landslag og ár til að sullu í
Þjórsárdalsskógur er heillandi útivistarsvæði í Þjórsárdal. Náttúruleg umgjörð skógarins fylgir fjölbreyttu landslagi þar sem mætast miklar andstaður, allt frá blómlegum skögum að ógrónum öskuflákum úr Heklu. Í Þjórsárdal teygir skógur sig langt upp í hlíðar. Landslag er fagurt, fjölbreytt og sannkallaður ævintýrabragur er á því. Í skóginum eru fjölmargir merktir og ómerkta stígar og slóðar fyrir ferðalanga og göngugarpa, ár til að sullu í og hraun til að skoða. Á svæðinu eru stígar sem henta hjólastólum, góð tjaldstæði og sundlaug. Þjórsárdalsskógur er kjörinn staður til útivistar fyrir alla aldurshópa, hvort sem er til göngu, hjólræði eða einfaldlega til að njóta kyrrðarinnar og náttúruferðarinnar sem svæðið hefur upp á að bjóða.



Þórsmörk – Unaðsreitur á milli þriggja jökla
Þórsmörk er ein af náttúruperlum Íslands og vinsælt útivistarsvæði vegna stórbrotins landslags og fjölbreyttra gönguleiða. Svæðið liggur á milli þriggja jökla (Eyjafjallajökuls, Mýrdalsjökuls og Tindfjallajökuls) og dregur nafn sitt af þrumugöðinum Þór. Þessi einstaka staðsetning skapar gróskumikið, skjólgott og fjölbreytt landslag sem dregur að sér ferðalanga allt árið um kring. Í Þórsmörk eru margar vinsælar gönguleiðir sem henta fólki á öllum aldri og í ólíku

formi. Meðal þeirra eru Valahnúkur, Stakkholtsgjá og lengri og krefjandi leiðir eins og Fimmvörðuháls og Laugavegurinn. Þar má einnig finna styttri leiðir, til dæmis um Slyppugil og Þórsgötu, sem gefa innsýn í landslag, gróður og dýralíf svæðisins.

Landmannalaugar – Lit-skrúðugt landslag og gönguleiðir á hálendinu
Landmannalaugar er eitt af mögnuðustu náttúrusvæðum Íslands og vinsæll útivistarstaður á hálendinu. Svæðið er þekkt fyrir litskrúðugar líparítfjallshlíðar, heitar laugar og fjölbreyttar gönguleiðir sem laða að sér náttúruunnendur og göngufólk víðs vegar að. Gönguleiðir í Landmannalaugum eru fjölbreyttar og henta bæði byrjendum og reyndara göngufólki. Meðal vinsælustu leiðanna eru stuttar ferðir um Laugahraun, upp á Brennisteinsöldu og Bláhnjúk og þar er stórkostlegt útsýni. Lengri leiðir, eins og Laugavegurinn sem liggur í Þórsmörk og Hellið, henta vel fyrir þau sem vilja lengri göngur.



Frekari upplýsingar og aðgengi að stöðunum má finna á south.is.

Aðalsafnaðarfundur Laugardælakirkju

Aðalsafnaðarfundur Laugardælakirkju verður haldinn þriðjudaginn 3. júní kl. 17:00 í Laugardælakirkju.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.



ATVINNA

Óskum eftir starfsmanni til sumarafleysinga, möguleiki er á aukavinnu í vetur. Við leitum eftir einstaklingi með góða þjónustulund og áhuga á tísku.

Aldurstakmörk er 20 ára, viðkomandi þarf að tala íslensku.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið kristin@tiskuverslun.is

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29, Selfoss - Sími 482 1800
www.tiskuverslun.is

SJÚKRAÞJÁLFARI ÓSKAST

Sjúkraþjálfari óskast til starfa á Heilsustofnun í Hveragerði Fjölbreytt og skemmtilegt starf á góðum vinnustað

- Hæfniskröfur:**
 - Íslenskt starfsleyfi
 - Faglegur metnaður og frumkvæði
 - Góð þjónustulund og færni í samskiptum
 - Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Helstu verkefni:**
 - Sjúkraþjálfun
 - Kennsla í hóptímum
 - Útigöngur og fræðsla
 - Þátttaka í þverfaglegu teymisstarfi

Aðgangur að baðhúsi og tækjasal er ókeypis fyrir starfsmenn og í hádegina er í boði hollt og gott grænmetisfæði. Möguleiki er á húsnæði á staðnum og einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri, aldis@heilsustofnun.is, sími 483 0300

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst



Heilsustofnun
Náttúrufræðingafélags Íslands

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulags:

Jórvík 1, áfangi 2 og Björkurstykki 3 - Deiliskipulag íbúðabyggðar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 14.5.2025 tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar í Jórvík 1, 2.áfangi (28,9 ha) og Björkurstykki III (17,5 ha). Svæði 2. áfangi Jórvíkur liggur til suðurs í framhaldi af núverandi skipulagi í Jórvík I, og Björkurstykkis. Samanlagt er skipulags-svæðið um 46,4 ha. Markmið deiliskipulagsins er að skapa svæði til frekari uppbyggingar blandaðrar íbúðabyggðar og þjónustu í Árborg. Megin áhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti fyrir íbúðarbyggð ásamt því að setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis, í samræmi við lög og reglur. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir hæfilega þéttri byggð og hagkvæmri nýtingu lands. Íbúðarbyggðin er í meginatriðum lágreist með 1-2 hæða einbýlishúsum, einnar hæðar parhúsum og raðhúsum, auk tveggja hæða tví- og fjórbýlishúsum og 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt þjónustulóðum. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 1200 íbúðum. Gera má ráð fyrir að uppbygging svæðis muni taka 10 - 15 ár. Gert er ráð fyrir að áhersla verði á uppbyggingu í Björkurstykki III, í fyrri áfangi og Jórvík 1. áfangi 2, í þeim síðari. Aðkoma fyrir akandi umferð verður frá Suðurrólum, Hólustekki og að Jórvík 1, 2. áfangi í gegnum núverandi byggð í Jórvík I.

Ofangreind skipulagstillaga liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 22. maí 2025, til og með 3. júlí 2025.

Athugasemdom og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdom og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, á Selfossi, eða með tölvupósti á neffangið skipulag@arborg.is. Frestur til að skila inn athugasemdom er til og með 3. júlí 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



Röð út úr dyrum á lokahátíð Barnabæjar

Lokahátíð Barnabæjar fór fram í dag í barnaskólanum á Stokkseyri.

Þar voru sýndar og seldar afurðir Barnabæjardaga, en nemendur unnu hörðum höndum dagana fyrir hátíðina að útbúa alls konar varning. Má þar nefna skrautsteina, arm-bönd, sælgæti, bíómynd og

bakkelsi. Það var svo í þeirra höndum að selja gestum vörurnar. Hægt var að kaupa svokallaða Besóa sem var gjaldmiðill hátíðarinnar. Mæting var mjög góð og var röð út úr dyrum þegar blaðamann bar að garði.

Barnabær var stofnaður árið 2011 og er samvinnuverkefni

skólans, heimilanna og nærsamfélagsins. Upphaflega hugmyndin kemur frá Danmörku og var það foreldri sem kom með hana til skólans. Þannig varð Barnabær að veruleika. BES hlaut hvatningarverðlaun heimilis og skóla fyrir verkefnið árið 2013.

EHH

Ljósmyndir: Dagskráin/EHH.



Sigurður Elí sigraði Pangeu stærðfræðikeppnina

Úrslitakeppni stærðfræðikeppninnar Pangeu fyrir nemendur í 8. og 9. bekk var haldin í tíunda skiptið laugardaginn 17. maí sl. í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Undankeppnir fóru fram í 67 grunnskólum á landinu þar sem alls 4.698 nemendur tóku þátt og fengu 100 nemendur sem stóðu sig best boð í úrslitakeppnina. Sigurður Elí Vignisson úr Grunnskólanum í Hveragerði stóð sig með eindæmum vel og sigraði 8. bekkjar keppnina. Sveinn Leví Kristinsson úr Hveragerði komst einnig í úrslit



keppninnar en komst að þessu sinni ekki í verðlaunasæti. Pen-ingaverðlaun voru veitt efstu þremur keppendum í hvorum bekk fyrir sig.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

HÓLMFRÍÐUR ÞÓRARINSDÓTTIR
Krummahólum 27, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 14. maí.

Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins föstudaginn 23. maí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju félag langveikra barna. Útförinni verður streymt á <https://www.youtube.com/live/>, hlekk má einnig nálgast á mbl.is/andlat.

Jón Þórir Jóhannesson

Þórarinn Ívarsson

Steindór Ívarsson

Sigurjón Ívarsson

Guðrún K. B. Ívarsdóttir

Elísabet G. Þórarinsdóttir

Maritza Pacifico

Jón Sigurðsson

Ásta G. Björnsdóttir

Samy Baddou

barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi

VALUR SNORRASON
Vindási, Ölfusi

Lést laugardaginn 10. maí. Útför fór fram í kyrrþey 16. maí. Þökkum samhug og hlýju við fráfall hans. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði fyrir umhyggju og hlýju.

Sigurjón Valsson

Freyja Valsdóttir

Snorri Jón Valsson

Fanney Guðrún Valsdóttir

Lucía Guðný Jörundsóttir

Jón Sigfússon

Jóhann Gylfi Guðmundsson

og barnabörn

OPIÐ
FYRIR
UMSÓKNIR
TIL 10. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR
HEIMAVIST.IS

FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR
ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU

STUTT Í ALLT

HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLÍÐARFJALL
VEITINGARSTAÐUR
7 MÍNÚTUR

ÍÞRÓTTAÐÚS
RÆKTIN
SUND
3 MÍNÚTUR

KAFFIHÚS
LÆSTIGARBUÐINN
3 MÍNÚTUR

VERSKANIR
BÚÐÚS
8 MÍNÚTUR

HEIMAVIST MA OG VMA

INNLAGNARITARI ÓSKAST

Staða heilbrigðisgagnafræðings er laus til umsóknar. Önnur heilbrigðismenntun kemur einnig til greina. Starfshlutfall er 80% eða eftir samkomulagi. Starfið felst í innskráningum dvalargesta og lækna-ritun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Heilbrigðisgagnafræðingur eða önnur heilbrigðismenntun

- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

- Skipulagshæfni og frumkvæði

Aðgangur að baðhúsi og tækjasal er ókeypis fyrir starfsmenn og í hádeginu er í boði hollt og gott grænmetisfæði. Einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2025

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfssdóttir mannauðsstjóri, aldis@heilsustofnun.is, s. 483 0330.

STOFNUN
ÁRSINS
2024

HEILSUSTOFNUN
NLFÍ
HYERAGERÐI

Heilsustofnun
Náttúrulækningafélags Íslands

Berum ábyrgð á eigin heilsu

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttatræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumdandi,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bætta heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem
getur sagt marga um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleidslu.
Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Fyrirlestur um fornleifarannsóknir í Skálholti

Laugardaginn 24. maí klukk-
an 15:00 verður fyrirlestur á
ensku um fornleifauppgröftinn í
Skálholti á árunum 2002 – 2007.
Gavin Lucas, prófessor í forn-
leifafræði við Háskóla Íslands,
vann við uppgröftinn og segir
frá honum, fer yfir aðrar forn-
leifarannsóknir í Skálholti og

ræðir hvað við höfum lært af ný-
legri rannsóknunum á lífinu í Skál-
holti á 17. og 18. öld.

Allir viðburðir eru ókeypis
og öllum opnir. Veitingastaður-
inn Hvönn verður opin og
býður meðal annars upp á tilboð
á súpu dagsins og brauði.

Aðgangur er ókeypis og

öll velkomin. Viðburðurinn er
styrktur af Uppbyggingasjóði
Suðurlands.

Myndirnar hér að neðan sýna
vettvangsvinnuna og nokkra
hluti sem fundust við forn-
leifauppgröftinn í Skálholti á
árunum 2002 til 2007.



KIRKJA

Selfoskirkja

Sunnudagur 25. maí, messa kl.
11. Kirkjukórinn leiðir okkur í
léttum og sumarlegum sálum og
eru allir hjartanlega velkomnir.
Prestur er sr. Gunnar
Jóhannesson.

Uppstigningardagur fimmtu-
daginn 29. maí, guðsþjónusta kl.
11:00. Hörpukórinn syngur,
stjórnandi Stefán Þorleifsson.
Dagurinn er helgaður starfi aldr-
aðra í kirkjunni. Kaffi og súpa
verður á boði Héraðssjóðs suð-
urprófastdæmis á lokinni
messu. Prestur er sr. Guðbjörg
Arnardóttir.

Hrunakirkja

Dylan-messa sunnudaginn 25.
maí kl. 11. Messan er leiður í
Dylan-hátíð sem haldin verður á
Flúðum þessa helgina. Prestar
verða sr. Hennig Emil Magnússon
og sr. Óskar. Lög og textar Dylan
í brennidepli. Verið öll hjartan-
lega velkomin!

Strandarkirkja í Selvogi

Guðsþjónusta kl. 14:00. Kór
Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir
almennan safnaðarsöng. Sr.
Sigríður Munda Jónsdóttir þjón-
ar. Verum öll velkomin. Sóknar-
nefnd og sóknarprestur

Lítið sem ekkert gengið að
fastráða lækna í Rangárvallasýslu

HSU hélt nýlega upplýsinga-
fund með sveitarfélögum
í Rangárvallasýslu þar sem til-
gangurinn var að upplýsa sveit-
arstjórnarfulltrúa um stöðu mála
varðandi mönnun á læknum
í Rangárvallasýslu. Staðan er
þannig að lítið sem ekkert hefur
gengið að fastráða í lækna-
stöðum í sýslunni þrátt fyrir samheldni
og fjölbreytta aðkomu sveitar-
félaganna.

Kemur þetta fram í minnis-
blaði Antons Kára Halldórs-
sonar, sveitarstjóra Rangárpings
eystra.

Áfram verður reynt að fast-
ráða í stöðurnar en ekki er bú-
ist við því, fyrr en í fyrsta lagi
í haust, að ríkið veiti nokkrar
ívilnanir til þeirra sem taka að
sér störf í heilbrigðisgeiranum á
landsbyggðinni.

Þrátt fyrir að ekki sé búið
að fastráða í stöðurnar eru þrjú
stöðugildi lækna að mestu
mönnuð í Rangárvallasýslu



fram á haust. Það eru bæði ís-
lenskir lækna og norskir.

„Það er einlægur vilji sveit-
arstjórnar að gera allt sem í
sínu valdi stendur svo unnt sé
að fastráða í stöður lækna í
Rangárvallasýslu og munum
við ekki láta okkar eftir liggja
hvað það varðar. Áætlað er
að næsti upplýsingafundur
HSU með sveitarfélögum í
Rangárvallasýslu fari fram í
september,“ segir Anton Kári.



Okkar orlof í takt við tímann

Dagana 28. september – 2. október næstkomandi verður orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallarsýslu haldið á Hótel Örk í Hveragerði. „Það er mikið gleðiefni því okkar orlof er sannarlega í takt við tímann. Frá 1976 hefur húsmæðraorlof okkar verið með sama sniði, aldrei farið í utanlandsferðir heldur alltaf samvera ýmist í skólum eða hótélum og oftast hér í heimabyggðum sem þá styrkir innviði þeirra,“ segir í tilkynningu frá nefndinni.

„Aðstaðan á Hótel Örk er til fyrirmyndar – gott aðgengi, lyfta, margir salir til afnota, sundlaug, gufubað og heitir pottar. Hóтелиð á þakkir skildar fyrir gott samstarf og góðan

viðurgjörning. Ekki spillir fyrir að Hveragerði er fallegur bær til gönguferða og öll nauðsynleg þjónusta þar til staðar.“

Í orlofinu er skipulögð dagskrá alla dagana. Á morgnana er stólajóga og bingó og fyrirlestur eða annað skemmtilegt á kvöldin. Þess utan geta þær sem mæta slakað á eða notið samverunnar í þrjónaskap, spjalli og söng. Einn dag er alltaf farið í dagsferð með rútu og áhuga-verðir staðir skoðaðir.

„Orlofið hefur ávallt verið vel sótt en 89 konur mættu í fyrra og var almenn ánægja með það og er von okkar og trú að konur fái að njóta þess áfram um ókomin ár,“ segir nefndin að lokum.

Keppendur frá 27 löndum skráðir til leiks í Hengil Ultra

Hengill Ultra Trail, stærsta Hutanvegahlaup landsins, fer fram laugardaginn 7. júní næstkomandi í Hveragerði. Þar koma saman byrjendur, flestir öflugustu utanvegahlauparar landsins auk keppenda frá 27 þjóðlöndum og spreya sig á vegalengdum frá 26 kílómetrum og upp í 106 kílómetra. Á sama tíma er mikil aðsókn í 5 og 10 kílómetra brautirnar en allar hafa þær sama upphaf og endi í hjarta Hveragerðis. Það verður mikið um dýrðir í Hveragerði þessa helgi því ekki bara hlaupa um 1400 hlauparar um bæinn þennan dag heldur er dagskrá fyrir öll, hvort sem þau hlaupa eða ekki. Það verður sölusýning á varningi tengdum utanvega-hlaupum og almennri hreyfingu í íþróttahúsinu og götugrill við endamarkið sem öll eru velkomnir í. Bylgjan verður á svæðinu frá hádegi, Skítamóráll mætir í götugrillið um miðjan dag og plötusnúðarnir Doctor Victor



og dj. Anna Ármann halda uppi stuðinu.

Götugrilli Hengils Ultra er stýrt af Fannari Geir Ólafssyni matreiðslumeistara og hans fólki í Kjötúrinu sem er Sælkeraverslun á Suðurlandi. Þar verða framreiddir 120 gr. gourmet hamborgarar og drykkir frá Coca Cola á Íslandi. Keppendur fá ávísun í grillið en gestir og gangandi geta einnig keypt sér veitingar og notið dagsins með keppendum. Reist verður



prentmet
heildarlausnir í prentun



Við tökum að okkur alla **ALMENNA PRENTUN** og fer öll framleiðsla fram á Íslandi í svansvottaðri prentsmiðju.

Leyfðu okkur að finna bestu lausnina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is



ÚTBOÐ SUNDLAUG Í REYKHOLTI, BLÁSKÓGABYGGÐ ENDURBÆTUR LAUGARSVÆÐIS

Verkís hf., óskar eftir tilboðum í framkvæmdir vegna endurbóta á sundlaug í Reykholti, Bláskógabyggð.

Um er að ræða heildarendurnýjun á sundlaugasvæði ásamt viðbyggingum við tækni-rými, líkamsrækt og vaktrými. Að auki verða byggð ný gufuböð og geymsla á lóð. Einnig verða einhverjar endurbætur á núverandi húsnæði. Útboðið felur í sér jarðvinnu, uppsteypu laugarkerja og viðbygginga, innan- og utanhúss frágang, lagnakerfi, loftræsikerfi og rafkerfi.

Grunnflatarmál laugarsvæðis er 1138.5 m² en grunnflatarmál viðbygginga er 170.5 m².

Heildarverklok eru 1. september 2026.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt. Hægt er að óska eftir útboðsgögnum með því að senda inn nafn, heimilisfang og síma á utbod@verkis.is

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað 2. júní kl. 14.00.

Tilboðum skal skila rafrænt til Verkís fyrir kl. 14.00 þann 18. júní 2025.





Ullarvinnslan verður áfram í Gömlu Þingborg

Í lok mars á þessu ári var greint frá því að Vegagerðin hefði fest kaup á Gömlu Þingborg, sem stendur við Hringveg (1) í Flóahreppi. Ástæða kaupanna var sú að húsið stendur innan veghelgunarsvæðis núverandi Hringvegar og í væntanlegu framtíðarvegstæði Hringvegar (1). Húsið átti að víkja fyrir nýjum tveir plús einn vegi.

Ullarvinnslan Þingborg er með starfsemi í húsinu þar sem hópur þrjónakvenna hefur starfað. Lopapeysur eru meginuppistaðan af því sem selt er í Þingborg.

Á heimasíðu verslunarinnar kemur fram að eftir fund með Vegagerðinni er ljóst að verslunin verður áfram í Gömlu Þingborg og að öllum líkindum í mörg ár til viðbótar. „Það er mikils virði að þessari óvissu sem kom upp við söluna á Gömlu Þingborg til Vegagerðarinnar hefur verið eytt í bili,“ segir í tilkynningu frá versluninni.

Einnig kom fram að gamla

Þingborgar-samvinnufélagið sem kom ullarævintýrinu af stað og hefur verið til húsa í Gömlu Þingborg frá 1990 flytji í burtu. Kembivélin og starfið í kringum hana verður flutt í Hrísmýri 5 á Selfossi. Þar verður einnig komið upp litunar- og þvottaaðstöðu fyrir félagskonur. Er þetta tilrauna- verkefni út næsta ár og verður framhaldið metið að því loknu. Einnig verður námskeiðsaðstaða á sama stað og ef vel tekst til er hugmyndin að þarna verði

til nýtt fyrirtæki í framtíðinni í bæði ullarvinnslu og kynningu á íslensku ullinni.

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRAC AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir • Þjónusta
Nýsmíði • Rafmagn

Sími: 760-5670 • pulsinn@pulsinn.com

ÁRBORG TAXI

taxiarborg@gmail.com

+354 482 1333
+354 696 3800

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.